isavia

# Ársskýrsla
2015



Táknið vísar í stefni á víkingaskipi og stél á flugvél og tengir þannig saman arfleifð og nútíma, og hlutverk Isavia. Í því má líka sjá rúnum ristan víkingaskjöld úr miðaldamenningu okkar.

Línurnar vekja náttúrutilfinningu með vísun í eldfjall, en einnig í árfarveg og loftstrauma – ferðaleiðir að fornu og nýju. Í því má líka sjá tengipunkt þriggja flugleiða sem vísar til stefnu og framtíðarsýnar fyrirtækisins og hinar lagskiptu flugleiðir sem flugumferð byggist á.

# Efnisyfirlit



| | |
|---|---|
| Ávarp stjórnarformanns | 6 |
| Starfssvið Isavia | 11 |
| Ný ásýnd Isavia | 12 |
| Svipmyndir frá árinu 2015 | 16 |
| Lykiltölur úr rekstri | 18 |
| Rekstur og afkoma | 20 |
| Isavia í samfélaginu | 22 |
| Stjórnarháttayfirlýsing 2016 | 26 |
| Ársreikningur Isavia | 32 |
| Yfirlit um heildarafkomu ársins 2015 | 34 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2015 | 35 |
| Yfirlit um eigið fé 2015 | 36 |
| Yfirlit um sjóðstreymi 2015 | 37 |
| Skýringar | 38 |

Hönnun og umbrot:
Hvíta húsið

Rafræna útgáfu ársskýrslunnar
er að finna á www.isavia.is/arsskyrsla





# Ávarp stjórnarformanns



*Ingimundur Sigurpálsson,*
*stjórnarformaður*

## Umfangsmikill vöxtur

Hlutafélagið Isavia var stofnað árið 2010 og hefur vöxtur þess verið ævintýralegur á þeim fáu árum sem síðan eru liðin. Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2010 voru 14,1 milljarður kr. og handbært fé frá rekstri var um 1,6 milljarðar kr. Meðalfjöldi starfsmanna var 707 talsins á því ári og voru launa- og annar starfsmannakostnaður 6,2 milljarðar kr. Árið 2015 námu tekjur samstæðunnar alls um 26,0 milljörðum kr. og var handbært fé frá rekstri 6,3 milljarðar kr. Eiginfjárhlutfall var í lok árs 2010 24,6% en 44,6% í lok árs 2015. Meðalfjöldi starfsmanna var 1.017 manns og námu launagreiðslur og starfstengdur kostnaður alls um 11,0 milljörðum kr. Á þeim rúmu fimm árum, sem Isavia hefur starfað sem hlutafélag, hafa tekjur þannig aukist um 84%, eiginfjárhlutfall nærri tvöfaldast, handbært fé frá rekstri nærri fjórfaldast og laun og annar starfsmannakostnaður hefur aukist um 78%.

Í veltutölum talið er Isavia eitt af 35 stærstu fyrirtækjum landsins skv. samantekt Frjálsrar verslunar sem gefin var út sumarið 2015 og er félagið það annað stærsta í hópi ferðaþjónustufyrirtækja. Þessar miklu breytingar í rekstri Isavia endurspegla vöxt ferðaþjónustunnar í landinu og verður ekki annað séð en að framhald verði þar á í náinni framtíð.

Nýlega endurskoðuð farþegaspá fyrir Keflavíkurflugvöll gerir ráð fyrir tæpum 6,7 milljónum farþega á árinu 2016, en það samsvarar 37% aukningu frá fyrra ári. Fjöldi skiptifarþega, sem millilenda hér á landi á leið yfir hafið, er áætlaður um 2,3 milljónir, sem jafngildir 51% aukningu milli ára, en til samanburðar er fjöldi skiptifarþega nú litlu minni en heildarfarþegafjöldi sem fór um Keflavíkurflugvöll árið 2011. Alls verða 25 flugfélög með fastar áætlunarferðir til Keflavíkurflugvallar frá 80 stöðum á sumri komanda.

Þessi mikla fjölgun farþega og þá sérstaklega skiptifarþega skapar margar áskoranir fyrir Isavia. Við henni er vissulega reynt að bregðast svo sem kostur er. Þannig er nú unnið að mestu stækkun flugstöðvarinnar frá því hún var vígð árið 1987 auk þess sem leitað er allra leiða til þess að bæta enn frekar nýtingu núverandi mannvirkja. Um þessar mundir eru um 17 þúsund fermetrar í byggingu, þar af verða 10 þúsund fermetrar teknir í notkun á árinu 2016 og sjö þúsund til viðbótar árið 2017. Árið 2017 verður flugstöðin því 72.900 fermetrar að flatarmáli og stærsta mannvirki landsins sem opið er almenningi. Fyrir utan stækkun á byggingum hafa flughlöðin fyrir utan flugstöðina verið stækkuð til þess að auka afkastagetu flugvallarins með fjölgun flugvélastæða.

Mestu álagstímar sólarhringsins eru þeir tímar sem íslensku félögin, Icelandair og WOW air, nota til þess að tengja Evrópu og Norður-Ameríku, en á milli þessara álagspunkta eru mannvirki Keflavíkurflugvallar vannýtt. Með betri nýtingu flugvallarins og aukningu flugumferðar á milli aðalálagstíma sólarhringsins gæti flugvöllurinn tekið við hátt í 10 milljónum farþega á ári hverju þegar framkvæmdum sem nú standa yfir er lokið, en það er sami fjöldi farþega og farþegaspá þróunaráætlunar gerði ráð fyrir um eða eftir árið 2020.



*Þróunaráætlun gerir ráð fyrir ríflega tvöföldun flugstöðvarinnar.*

## Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar: Til móts við framtíðina

Á árinu 2015 lauk vinnu við svonefnt Masterplan, en það er þróunaráætlun fyrir Keflavíkurflugvöll, sem tekur á skipulagslegum þáttum flugvallarins með hliðsjón af umferðar- og farþegaspá. Áætlunin er framtíðarsýn á landnýtingu, uppbyggingu flugvallarmannvirkja og aðgerða á sviði umhverfismála, sem nýtist öllum hagaðilum við ákvarðanir um fjárfestingu og skipulagsmál með hagkvæmni og vistvæna þróun að leiðarljósi.

Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar dregur upp framtíðarsýn á uppbyggingu flugvallarins til ársins 2040. Þar er gert ráð fyrir að flugstöðin stækki til norðurs og verði 140 þúsund fermetrar árið 2032, en það er ríflega tvöföldun á núverandi mannvirki. Undirbúningur þeirrar byggingar er hafinn og gæti fyrsti hluti hennar verið tilbúinn árið 2022, ef allt gengur að óskum. Ljóst er að miklar og kostnaðarsamar framkvæmdir samkvæmt þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar ná ekki einar og sér í tíma að haldast að fullu í hendur við þá miklu farþegaaukningu sem áætluð er á núverandi álagstímum. Rými verður aftur á móti laust til vaxtar utan núverandi álagstíma og er þess vænst að flugfélög geti á þeim tíma nýtt betur þá fjárfestingu sem í boði er og verður á flugvellinum. Með betri nýtingu skapast jafnframt möguleikar á betri arðsemi af flugtengdum rekstri sem gengið getur til frekari uppbyggingar auk þess sem hægt verður að halda notendagjöldum innan ásættanlegra marka.

## Flugleiðsaga á tímamótum

Árið 2015 var flugumferð um íslenska flugleiðsögusvæðið alls 145.891 flugvél, sem er 11,5% aukning frá árinu 2014. Meðaltalsumferð á sólarhring árið 2015 var 42 fleiri flugvélar en 2014 eða 400 í stað 358. Á 10 árum hefur meðaltalsumferð á sólarhring aukist um 60% úr 249 í 400 flugvélar. Heildarfjöldi floginna kílómetra um íslenska úthafssvæðið var um 210 milljónir árið 2015 og jókst um 12,4% frá 2014. Umsvifin hafa þannig aukist



*Sólríkur dagur á Akureyrarflugvelli.*

umtalsvert síðastliðin ár og kemur sér því vel að á árinu 2016 verður tekin í notkun tæplega 2.800 fermetra viðbygging við flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík. Auk þess sem húsnæðið kemur til móts við fjölgun starfsfólks verður unnt að hýsa alla starfsemi flugleiðsögu undir einu þaki, en nú er hún rekin á fjórum stöðum í Reykjavík.

Stærstur hluti flugumferðarinnar um íslenska flugstjórnarsvæðið er yfirflug sem Isavia sinnir samkvæmt samningi við Alþjóðaflugmálastofnunina. Hluti samningsins nær til flugleiðsöguþjónustu yfir Grænlandi og Færeyjum og á félagið í góðu samstarfi við stjórnvöld í þessum nágrannaríkjum okkar. Úr flugstjórnarmiðstöðinni er stjórnað um þriðjungi allrar flugumferðar yfir Norður-Atlantshaf á um 5,4 milljóna ferkílómetra svæði. Starfsemin er afar mikilvæg fyrir íslenskt þjóðarbú, en hún skapar yfir þrjú hundruð vel launuð sérfræðistörf auk afleiddrar starfsemi og skilar 5,8 milljörðum kr. í hreinar gjaldeyristekjur til Íslands árlega.

## Uppbygging innanlandsflugvalla

Frá stofnun hefur Isavia séð um rekstur flugvalla á Íslandi. Keflavíkurflugvöllur hefur verið sjálfbær undanfarin ár, en allir aðrir flugvellir á landinu hafa verið reknir samkvæmt þjónustusamningi milli Isavia og Innanríkisráðuneytis (IRR). Framlög til reksturs innanlandsflugvalla hafa verið ákveðin sérstaklega á fjárlögum hvers árs. Frá stofnun Isavia hefur verulega verið dregið úr framlögum í þennan málaflokk, og til að mæta þeim samdrætti hefur Isavia þurft að draga mjög úr kostnaði við rekstur flugvallanna. Þjónustusamningarnir eru til skamms tíma í senn, en því hefur fylgt óvissa um rekstur og stöðu innanlandsflugvalla í almenningssamgöngukerfi landsins.

Undanfarin ár hafa þjónustusamningar náð að standa nokkurn veginn undir beinum rekstrarkostnaði við flugvelli innanlands, en fjármagn hefur á hinn bóginn vantað til þess að mæta nauðsynlegri fjárfestingu í tækjum, búnaði og mannvirkjum. Framlag til viðhalds flugvalla og mannvirkja hefur verið mun minna en metin þörf segir til um og á mörgum stöðum er viðhaldsþörf orðin mjög brýn. Áætlað er að árlega þurfi að minnsta kosti um 600 milljónir kr. til viðhalds innanlandsflugvalla.

Ástæða er til þess að vekja athygli á þróun farþegaflutninga í innanlandsflugi, þar sem farþegum hefur fækkað nokkuð undanfarin ár. Árið 2015 varð þó aukning um 2,5% miðað við árið á undan. Ljóst er að fjölgun farþega um innanlandsflugvelli hefur ekki verið í takt við vaxandi ferðamannastraum til landsins og einnig er ljóst að Íslendingar nýta sér sjaldnar þennan ferðamáta. Ýmsar ástæður liggja að baki þessari þróun, en líklegt er að þar hafi sitt að segja óvissa um framtíð innanlandsflugs og deilur um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Eigi að vera unnt að byggja upp hagkvæmt innanlandsflug, taka vel á móti þeim fjölda ferðamanna, sem spár gera ráð fyrir að komi



*Frá formlegri opnun endurhannaðs verslunar-svæðis Keflavíkurflugvallar.*

til landsins næstu árin, og gera ferðamönnum kleift að ferðast vítt um landið, þá er brýnt að móta skýra stefnu um uppbygginguna á samgöngukerfi landsins til næstu 30 ára. Gjarnan er talað um að byggja þurfi upp vegakerfið til þess að taka við hinum mikla fjölda ferðamanna, en nær sanni er að æskilegra væri að horfa á samgöngukerfið í heild og eru innanlandsflugvellir mikilvægur hluti þess.

Óvissa um rekstur og uppbyggingu innanlandsflugvalla hrekur mögulega fjárfesta frá þátttöku í fjármögnun flugvallamannvirkja og erfitt hefur reynst að byggja upp nauðsynlega aðstöðu. Brýnt er að skerpa á framtíðarstefnu um þátt flugsamgangna í samgöngukerfi landsins, enda er það mikilvæg forsenda þess að auknu fjármagni verði varið í betri aðstöðu flugrekenda og bættan aðbúnað flugfarþega.

## Krefjandi starfsumhverfi

Umferð um Keflavíkurflugvöll hefur þrefaldast frá árinu 2010. Slík aukning kallar á víðtæka breytingu í rekstri sem og mikla og tímafreka uppbyggingu tækjabúnaðar og mannvirkja. Síðastliðið sumar tókst starfsfólk félagsins á við farþegafjölgun sem á sér vart hliðstæðu og reyndist hún töluvert meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Það kallaði á skjót viðbrögð í ráðningu og þjálfun nýrra starfskrafta, og jafnhliða undirbúningi og skipulagningu nýrra framkvæmda til lengri tíma var unnið að framkvæmdum til þess að mæta ófyrirséðri fjölgun farþega. Þrátt fyrir óhjákvæmilega vaxtarverki, sem slíkum breytingum fylgja, verður ekki annað sagt en að mun betur hafi tekist til við úrlausn mála en við var að búast í ljósi aðstæðna. Sérstök ástæða er því til að þakka starfsmönnum Isavia ósérhlífni og frábæra frammistöðu við krefjandi aðstæður, jafnframt því sem þakka ber flugrekendum og rekstraraðilum á Keflavíkurflugvelli fyrir farsæla samvinnu um margvísleg og umfangsmikil úrlausnarefni, sem óneitanlega fylgja mikilli farþegafjölgun á skömmum tíma. Allt hefur þetta starf átt sinn þátt í öflugum vexti ferðaþjónustunnar, en hún hefur stóraukið gjald-eyristekjur þjóðarinnar og mun væntanlega enn gera í næstu framtíð.

Isavia hefur með höndum rekstur mikilvægra flugvalla-mannvirkja og umfangsmikla þjónustu við flugrekendur og flugfarþega. Forsenda þess að vel takist til í rekstri og þjónustu við viðskiptavini félagsins er gott og metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram um að ná góðum árangri. Umsagnir viðskiptavina Isavia og viðurkenningar alþjóðlegra umsagnaraðila bera vott um góðan árangur starfsmanna, en jafnframt er mikilvægt að bregðast skjótt og vel við góðum ábendingum um það sem betur má fara. Fyrir hönd stjórnar Isavia færi ég forstjóra, framkvæmdastjórn og öllu starfsfólki Isavia bestu þakkir fyrir framúrskarandi störf við krefjandi aðstæður á liðnu ári.



# Starfssvið Isavia



*Björn Óli Hauksson, forstjóri*



*Elín Árnadóttir, aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri Þróunar og stjórnunarsviðs.*



*Hlynur Sigurðsson, framkv.stj. Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar*



*Sigurður Ólafsson, framkvæmdastjóri Mannauðs og árangurs*



*Þröstur Söring, framkvæmdastjóri Keflavíkurflugvallar*



*Helga R. Eyjólfsdóttir, öryggis- og gæðastjóri*



*Ásgeir Pálsson, framkvæmdastjóri Flugleiðsögusviðs*



*Sveinbjörn Indriðason, framkvæmdastjóri Fjármálasviðs*



*Jón Karl Ólafsson, framkvæmdastjóri Flugvallasviðs*

*Hjá Isavia eru fjögur kjarnasvið sem halda utan um kjarnastarfsemi félagsins: Flugleiðsögusvið, Flugvallasvið, Keflavíkurflugvöllur og Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Stoðsvið Isavia eru einnig fjögur talsins: Þróun og stjórnun, Mannauður og árangur, Fjármálasvið og Staðla- og gæðadeild. Framkvæmdastjórar kjarna- og stoðsviða Isavia mynda framkvæmdastjórn félagsins ásamt Birni Óla Haukssyni forstjóra.*

**Flugleiðsögusvið** veitir flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlands- og alþjóðaflug á svæði yfir norðanverðu Norður-Atlantshafi. Íslenska flugstjórnarsvæðið er með þeim stærstu í heimi og nær yfir um 5,4 milljónir ferkílómetra.

**Flugvallasvið** annast rekstur og viðhald allra innanlandsflugvalla og lendingarstaða utan Keflavíkurflugvallar, þ.m.t. flugbrauta og annarra mannvirkja, ljósa- og vélbúnaðar ásamt flugvernd.

Starfsemi **Keflavíkurflugvallar** felur í sér daglegan rekstur, eftirlit og viðhald athafnasvæða loftfara og annarra flugvallarmannvirkja, rekstur slökkvi- og björgunarþjónustu, vélaverkstæðis, sjónræns leiðsögubúnaðar og þotugildra á flugbrautum ásamt fælingu fugla og annarra dýra, hlaðstjórn, stæðisúthlutun, flugvallarhreinsun og flugvernd.

**Flugstöð Leifs Eiríkssonar** hefur með höndum rekstur, viðhald og uppbyggingu flugstöðvarinnar, verslunarrekstur með tollfrjálsar vörur, stuðning við þjónustuaðila í flugstöðinni, viðskiptaþróun, starfsemi í tengslum við flugrekstur og aðra starfsemi sem nauðsynlegt er að reka innan haftasvæðis flugverndar auk umsýslu verklegra framkvæmda á Keflavíkurflugvelli.

**Þróun og stjórnun** er stoðdeild við stjórn félagsins, forstjóra og rekstrarsvið. Verkefnin taka til stefnumótunar og samhæfingar starfsemi rekstrarsviða á borð við markaðs- og upplýsingamál, lögfræðimál og stjórnarhætti, samskipti við stjórnvöld, skipulagsmál, þjóðréttarlegar skyldur, samræmingu flugverndar og flugvalla, utanumhald um skjalakerfi félagsins og verkefnaskrá, auk umsýslu vegna stjórna dótturfélaga.

**Mannauður og árangur** annast mannauðsmál, starfsþróun, þjálfun, fræðslu, vinnuvernd og hefur með höndum launavinnslu, kjarasamninga, innri samskiptamál, stefnuinnleiðingu og árangursmælingar.

**Fjármálasvið** starfar þvert á allar rekstrareiningar sem hagdeild og veitir fjölbreytta stoðþjónustu á sviði reikningshalds, fjárstýringar og fjármögnunar auk innkaupa- og kerfisþjónustu.

**Staðla- og gæðadeild** starfar í tengslum við þróun og stjórnun og annast heildarskipulagningu og samhæfingu öryggis- og gæðamála fyrirtækisins auk umhverfismála og flugverndareftirlits.

# Ný ásýnd
## Isavia



*Starfsemi Isavia hefur verið sameinuð undir einu merki en undanfarin fimm ár hefur fyrirtækið verið starfrækt undir tveimur vörumerkjum, annars vegar merki Keflavíkurflugvallar og Isavia hins vegar. Nú hefur farið fram ítarleg vinna við stefnumótun og framtíðarsýn og hefur félagið öðlast nýja og sameiginlega ásýnd.*

### Hluti af góðu ferðalagi

Í vinnu við nýja ásýnd Isavia var lögð mikil áhersla á að skilgreina kjarnastarfsemi félagsins og ná fram því sem sameinar starfsemi ólíkra deilda fyrirtækisins. Isavia er fyrst og fremst þjónustufyrirtæki í rekstri flugvalla og flugleiðsögu og hlutverk félagsins er að leggja grunn að flugsamgöngum á Íslandi. Starfsfólk Isavia kemur að ferðalögum yfir 30 milljón farþega á hverju ári þegar talin er saman öll sú flugumferð sem fer um flugvelli félagsins og flugstjórnarsvæði. Isavia hefur sett sér það markmið að veita þjónustu í hæsta gæðaflokki og vera hluti af góðu ferðalagi þessara farþega, innanlands sem utan. Framtíðarsýn Isavia er að Ísland verði miðstöð flugs milli þriggja heimsálfa, Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu og þannig stuðlar félagið að því að Ísland verði áfram áhugaverður áfangastaður ferðamanna.

### Tenging þriggja heimsálfa

Hið nýja merki hefur sterka tengingu við framtíðarsýn Isavia sem miðstöð flugs milli þriggja heimsálfa. Línurnar í merkinu vísa í það hvernig Ísland tengir flugumferð yfir Norður Atlantshafi og í þær lagskiptu flugleiðir sem flugumferð byggist á. Keflavíkurflugvöllur er nú þegar mikilvægur hlekkur í flugsamgöngum milli Evrópu og Norður-Ameríku, og þar að auki tengir Íslenska flugstjórnarsvæðið flugumferð um heimsálfurnar þrjár. Merkið vísar ennfremur í starfsemi Isavia og í því má sjá flugvélastél og kjöl víkingaskips og þannig tengir það saman þá samgöngumáta sem hafa verið Íslendingum mikilvægastir í gegnum aldirnar. Með báðum þessum samgöngumátum hefur þjóðin ferðast frá landinu til Ameríku og Evrópu og þeir hafa verið okkar lífæð og grundvöllur efnahagslífs þjóðarinnar.

### Öflugri markaðssetning allra flugvalla

Kostir hinnar nýju sameiginlegu ásýndar eru margir. Nú er mögulegt að markaðssetja millilandaflugvellina sem félagið rekur, Keflavíkurflugvöll, Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll, saman. Sú mikla vinna sem lögð hefur verið í markaðssetningu á Keflavíkurflugvelli mun þannig styrkja þá markaðssetningu sem fyrirtækið hefur staðið fyrir á Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli fyrir millilandaflug.

Isavia er eitt stærsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins og markmiðið með nýju sameiginlegu vörumerki er einnig að auka vitneskju erlendra ferðamanna um flugsamgöngur innanlands og hafa þannig jákvæð áhrif á farþegaaukningu um alla flugvelli Isavia. Stefnt er að því að sameina vefi Isavia og Keflavíkurflugvallar í einn öflugan vef sem mun þjóna betur þeim farþegum


isavia

sem ferðast um flugvelli félagsins. Um 1,5 milljón gesta heimsækja núverandi vefsíðu Keflavíkurflugvallar árlega og þegar sameiginlegur vefur verður tilbúinn mun þessi fjöldi eiga auðveldara með að sjá þá möguleika sem eru í boði í flugsamgöngum innanlands.

## Mikil þátttaka starfsmanna

Sú vinna sem liggur að baki nýrri ásýnd Isavia hefur farið fram að mestu leyti undanfarin tvö ár. Um 120 starfsmenn Isavia tóku þátt í vinnunni og lögðu þannig sitt af mörkum til verkefnisins. Þá voru haldnar kynningar fyrir alla starfsmenn Isavia á samtals 22 fundum hringinn í kringum landið, áður en nýtt vörumerki var kynnt almenningi. Haldin var samkeppni um kenniefni meðal auglýsingastofa sem eru meðlimir í Sambandi íslenskra auglýsingastofa (SÍA) og bárust fimm tillögur. Auglýsingastofan Hvíta húsið bar sigur úr býtum.



01.



02.




03.



05.

KEFLAVIKAIRPORT
ISAVIA ICELANDIC AIRPORTS

EGILSSTADIRAIRPORT
ISAVIA ICELANDIC AIRPORTS

REYKJAVIKAIRPORT
ISAVIA ICELANDIC AIRPORTS

AKUREYRIAIRPORT
ISAVIA ICELANDIC AIRPORTS

04.



06.



07.

*01–02. Yfir 600 starfsmenn mættu á kynningar á nýrri ásýnd og samræmdu vörumerki.*

03. *Stefna Isavia.*

04. Alþjóðaflugvellirnir sem Isavia rekur eru nú hver með sitt nafn undir sama merkinu.

05–06. *Merki Isavia vísar í flugvélastél og kjöl víkingaskips.*

07. *Með notkun rauðgula litarins er höfðað til hlýju og glaðværðar, og finna má þennan jarðtóna lit í fjölmörgum tilfellum við íslenska náttúru.*

# Svipmyndir
## frá árinu 2015



01.




02.



03.



04.



05.



06.

**01.** *Fjöldi nýrra áfangastaða bættust við á árinu, þar á meðal bandaríkjaflug WOW air. Því var fagnað með pompi og prakt í flugstöðinni í Keflavík.*

**02.** *Í haust flaug Ferðaskrifstofan Nazar fjórum sinnum frá Akureyrarflugvelli í sólina í Tyrklandi.*

**03.** *Skrifað var undir samning um millilandaflug milli Egilsstaðaflugvallar og London Gatwick. Flugið hefst sumarið 2016.*

**04.** *Flugleiðsöguþjónustan tók í notkun ADS-B aðskilnað, fyrst flugleiðsöguaðila í Evrópu. Metumferð var um íslenska flugstjórnarsvæðið árið 2015.*

**05.** *Keflavíkurflugvöllur var valinn besti flugvöllur í Evrópu á síðastliðnu ári í þjónustukönnun meðal farþega sem framkvæmd er á öllum helstu flugvöllum um allan heim. Starfsmönnum flugvallarins var færður glaðningur af þessu tilefni við mikla kátínu.*

**06.** *Keflavíkurflugvöllur tók þátt í Mid Atlantic kaupstefnunni í mars og var básinn skreyttur í stíl við nýja verslunarsvæðið í flugstöðinni.*

**07.** *Fjórmilljónasta farþeganum 2015 var vel fagnað og tekið á móti honum með blómum og gjöfum á verslunarsvæðinu.*

**08.** *Isavia og Tern Systems tóku þátt í World ATM sýningunni í mars og vöktu fulltrúar fyrirtækisins mikla athygli enda við öllu búnir!*

**09.** *Isavia hlaut gullmerki PWC í jafnlaunaúttekt á félaginu árið 2015.*

**10.** *Tekið var vel á móti starfsmönnum Isavia sem stóðu sig frábærlega á Special Olympics í Los Angeles.*



07.



08.



09.



10.

# Lykiltölur
úr rekstri

| Úr rekstrarreikningi | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur | 26.013 | 22.079 | 19.810 | 18.397 | 16.511 |
| EBITDA | 6.008 | 4.906 | 4.470 | 3.823 | 3.653 |
| EBIT | 3.999 | 3.328 | 2.818 | 2.396 | 2.302 |
| Fjármunatekjur/gjöld | -181 | -605 | 1.200 | -1.465 | -1.542 |
| Hagnaður fyrir skatta | 3.818 | 2.724 | 4.018 | 932 | 760 |
| Rekstrarhagnaður | 3.062 | 2.197 | 3.217 | 738 | 604 |
| **Úr efnahagsreikningi** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 31.425 | 25.715 | 23.179 | 21.784 | 21.615 |
| Eignir | 45.187 | 40.849 | 34.511 | 33.390 | 32.520 |
| Eigið fé | 20.134 | 17.061 | 14.864 | 11.647 | 10.917 |
| Vaxtaberandi skuldir | 17.547 | 17.900 | 14.609 | 17.397 | 17.728 |
| Veltufjárhlutfall | 1,30 | 1,91 | 1,24 | 1,26 | 1,21 |
| **Úr sjóðstreymi** | | | | | |
| Rekstrarhreyfingar | 6.326 | 4.628 | 4.032 | 3.535 | 3.545 |
| Fjárfestingahreyfingar | -5.747 | -5.754 | -2.966 | -1.730 | -725 |
| Fjármögnunarhreyfingar | 67 | 2.857 | -1.324 | -1.362 | -1.721 |
| Handbært fé í lok tímabils | 4.994 | 4.491 | 2.730 | 3.026 | 2.609 |
| **Kennitölur** | | | | | |
| Framlegðarhlutfall rekstrar | 23% | 22% | 23% | 21% | 22% |
| Hagnaðarhlutfall | 12% | 10% | 16% | 4% | 4% |
| Veltuhraði eigna | 0,60 | 0,59 | 0,58 | 0,56 | 0,51 |
| Arðsemi eigin fjár | 17% | 14% | 24% | 7% | 6% |
| Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár | 0,55 | 0,39 | 0,58 | 0,13 | 0,11 |
| Eiginfjárhlutfall | 45% | 42% | 43% | 35% | 34% |
| Meðalfjöldi starfa | 1017 | 914 | 848 | 790 | 729 |

## Tekjur samstæðunnar

- Tekjur af flugvallaþjónustu
- Fasteignatekjur
- Vörusala
- Tekjur vegna alþjóðaflugþjónustu
- Aðrar tekjur

2015




2014




## Tekjur af flugvallaþjónustu

- Þjónustusamningur við IRR
- Lendingagjöld
- Flugverndargjöld
- Farþegagjöld
- Önnur gjöld

2015




2014




## Rekstrarkostnaður

- Kostnaðarverð seldra vara
- Laun og annar starfsmannakostnaður
- Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður
- Annar rekstrarkostnaður
- Afskriftir

2015




2014



# Rekstur og afkoma



*Björn Óli Hauksson,*
*Forstjóri Isavia*

Rekstur Isavia gekk vel á árinu 2015 eins og undanfarin ár. Heildartekjur Isavia samstæðunnar á árinu námu 26 milljörðum króna sem er aukning upp á 18% eða um 4 milljarða króna frá fyrra ári. Stærsti hluti aukningarinnar á uppruna sinn á Keflavíkurflugvelli en árið 2015 fjölgaði farþegum sem fóru um flugvöllinn um 25,5% milli ára. Þessi farþegaaukning skilaði sér í 31% aukningu tekna af flugvallarekstri, en á sama tíma nam hlutfallsleg tekjuaukning af óflugtengdri starfsemi, meðal annars verslunar- og veitingarekstri á Keflavíkurflugvelli, um 12% milli ára. Skýringin á því hvers vegna verslunartekjur haldast ekki í hendur við farþegafjölgun liggja að mestu leyti í því að miklar framkvæmdir stóðu yfir á verslunarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli fyrri hluta ársins.

Til viðbótar þessu varð einnig töluverð aukning á flugumferð um íslenska flugstjórnarsvæðið eða um 12,5% milli ára sem skilaði sér í um 8% aukningu tekna. Þá hækkuðu greiðslur frá ríkinu vegna þjónustusamnings við innanríkisráðuneytið um 7%. Þjónustusamningurinn við innanríkisráðuneytið fjallar um þann rekstur sem Isavia sinnir fyrir hönd ríkisins, meðal annars innanlandsflugvallakerfið.

## Fjölgun millilandafarþega sem á sér ekki hliðstæðu

Heildarfjöldi farþega sem fór um Keflavíkurflugvöll var 4.855.505 sem er aukning upp á 988.087 farþega eða 25,5%. Samtals hefur farþegum fjölgað úr rúmum tveimur milljónum í tæpar fimm frá því Isavia var stofnað árið 2010 og spár gera ráð fyrir að talan fari upp í 6,7 milljónir árið 2016. Þetta er aukning sem þekkist ekki á þeim flugvöllum sem við berum okkur saman við í Evrópu. Sérstaklega ber að nefna að brottfararfarþegum fjölgaði um 335.493, en það eru þeir farþegar sem nota þjónustuna í flugstöðinni mest og frá þeirri þjónustu fær Isavia mestar óflugtengdar tekjur. Á öðrum íslenskum áætlunarflugvöllum sem félagið rekur í samræmi við þjónustusamning við innanríkisráðuneytið varð 2,5% fjölgun farþega. Fjölgun innanlandsfarþega er gríðarlega jákvæð, en frá árinu 2011 til ársins 2015 hafði verið samfelld árleg fækkun farþega.

## Áfram góð afkoma af rekstri

Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði árið 2015 nam um 4,0 milljörðum króna samanborið við 3,3 milljarða króna árið á undan. Þá jókst meðalfjöldi starfa hjá samstæðunni um 11% og var 1.017 störf árið 2015 samanborið við 914 störf árið 2014. Þar af var meðalfjöldi starfa hjá móðurfélaginu 807 (12,0% aukning), hjá Fríhöfninni 161 (5,6% aukning) og hjá Tern 49 (14,0% aukning).

Heildarafkoma ársins 2015 var jákvæð um 3,1 milljarð króna sem er um 876 milljónum króna betri afkoma en árið 2014. Þennan mun má að hluta rekja til gengisáhrifa af erlendum langtímalánum en stærri hluta má rekja beint til bættrar afkomu af rekstri samstæðunnar. Þessi góða afkoma félagsins skiptir miklu máli til þess að hægt sé að halda áfram þeirri uppbyggingu sem stendur yfir á Keflavíkurflugvelli og notendur flugvallarins kalla eftir.

## Miklar fjárfestingar á Keflavíkurflugvelli

Heildareignir samstæðunnar námu 45,2 milljörðum króna í árslok 2015 og þar af eru 37,0 milljarðar króna tilkomnir vegna varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna. Alls námu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 7,5 milljörðum króna og þar af eru 6,5 milljarðar króna tilkomnir vegna fjárfestinga á Keflavíkurflugvelli. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 44,6% í lok árs 2015 samanborið við 41,8% árið á undan. Staða handbærs fjár í lok árs 2015 var um 5,0 milljarðar króna.

Rekstur samstæðunnar skilaði áfram sterku sjóðstreymi, en handbært fé frá rekstri árið 2015 nam 6,3 milljörðum króna sem er aukning upp á um 1,7 milljarð króna frá sama tímabili í fyrra.

## Hátt í milljarður til ríkisins í formi beinna skatttekna

Árið 2016 greiðir samstæða Isavia um 481 milljón króna í tekjuskatt. Þá skilaði Fríhöfnin um 452 milljónum króna í áfengis- og tóbaksgjald til ríkissjóðs og hefur því skilað alls um 1,8 milljarði króna frá árinu 2011 til ríkissjóðs í formi fyrrnefndra gjalda. Skattaslóð Isavia nam 5,2 milljörðum króna á síðasta ári, og hækkaði úr 4,4 milljörðum króna frá árinu 2014.

## Yfir 30 milljón ferðalög

Það að taka á móti þetta mörgum farþegum um alla flugvelli landsins og flytja svona marga farþega um íslenska flugstjórnarsvæðið gerist ekki af sjálfu sér. Þetta er árangur þrotlausrar vinnu alls starfsfólks Isavia sem hefur staðið sig gríðarlega vel á árinu og er staðráðið í að vera hluti af góðu ferðalagi yfir 30 milljóna ferðalanga sem starfsemi okkar snertir á einn eða annan hátt. Samkvæmt okkar spám mun ferðalögum sem við komum að einungis fjölga. Um flugstjórnarsvæðið okkar fóru á síðasta ári 146 þúsund flugvélar. Meiri hluti þeirra eru breiðþotur með yfir 250 farþega um borð, þannig að líklegt má telja að ferðalögin sem við komum að verði vel á fjórða tug milljóna talsins á næsta ári.

Undanfarin tvö ár hefur farið fram mikil vinna innanhúss við að skilgreina starfsemi okkar og móta stefnu fyrirtækisins til framtíðar. Hluti af útkomunni úr þeirri vinnu er að nú sækjum við fram undir nýrri samræmdri ásýnd, hvort sem við vinnum í flugleiðsögu, á Keflavíkurflugvelli, innanlandsflugvöllum eða stoðdeildum. Við stefnum að því til framtíðar að markaðssetja Keflavíkurflugvöll, flugleiðsöguna og innanlandsflugvellina undir einu merki og síðast en ekki síst að nýta þann slagkraft sem við höfum náð í markaðssetningu á Keflavíkurflugvelli til þess að kynna Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll fyrir erlendum flugfélögum sem hafa áhuga á millilandaflugi til Íslands.

Við sjáum auðvitað mikil tækifæri fyrir okkur og íslensku þjóðina í þeirri gríðarlegu farþegaaukningu sem við spáum, enda er ferðaþjónustan nú orðin mikilvægasta gjaldeyrisskapandi grein þjóðarinnar og vegur hennar eykst stöðugt. Hins vegar liggja líka miklar áskoranir í þessari aukningu fyrir innviðauppbyggingu hjá okkur á Keflavíkurflugvelli jafnt sem á ferðamannastöðum um landið. Þær fjárfestingar sem þarf að ráðast í á Íslandi til að taka á móti fleiri ferðamönnum eru gríðarlegar. Við höfum staðið í miklum framkvæmdum undanfarin ár og enn meiri framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Við þurfum hins vegar að vanda til verka því við erum ekki að tjalda til einnar nætur, heldur erum við að byggja til framtíðar til þess að hlúa að þessari nýju atvinnugrein þjóðarinnar. Því er æskilegt að stíga varlega til jarðar og undirbúa sig vel.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki fyrir mjög gott ár og frábæra vinnu sem hefur gert þessi 30 milljón ferðalög sem við höfum komið að á árinu möguleg.

**Björn Óli Hauksson,**
forstjóri

# Isavia
# í samfélaginu



01.

**Umhverfismál**
Isavia vinnur með virkum og skipulögðum hætti eftir stefnu fyrirtækisins í umhverfismálum sem má finna á vefsíðu fyrirtækisins.

## Umhverfisstjórnun (ISO14001)
Vinna við ISO14001 vottun valinna flugvalla innan vébanda Isavia er komin vel á veg. Nú þegar hafa verið framkvæmdar umhverfisúttektir á flugvöllum fyrirtækisins í Keflavík, Reykjavík, Akureyri og Egilsstöðum þar sem mikilvægir umhverfisþættir í starfsemi Isavia hafa verið skilgreindir, áhrif þeirra á umhverfið metin og sett fram aðgerðaáætlun sem tryggir stöðuga vöktun og stýringu þeirra umhverfisþátta.

## ACA (Airport Carbon Accreditation) vottun
Alþjóðleg samtök flugvalla (ACI) standa saman að kerfi sem miðar að því að minnka kolefnislosun á flugvöllum. Keflavíkurflugvöllur er þátttakandi í þessu starfi og er að ljúka fyrsta skrefi í svokallaðri kolefnisvottun (ACA) flugvallarins. Þar með hafa verið greind umhverfisáhrif reksturs flugvallarins á nærumhverfið og kolefnisspor starfseminnar kortlagt.

## Aðgerðir í loftslagsmálum
Forstjóri Isavia skrifaði undir yfirlýsingu um aðgerðir í loftslagsmálum sem Reykjavíkurborg og Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, efndu til í nóvember sl., en yfir eitt hundrað fyrirtæki skrifuðu undir. Yfirlýsingin er hugsuð sem hvatning til fyrirtækja um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sýna þannig frumkvæði og ábyrgð gagnvart umhverfinu og samfélaginu. Fulltrúar fyrirtækjanna eru að vinna saman að mælingum fyrir starfsemi sína og setja markmið til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2030. Isavia mun skila grænu bókhaldi í fyrsta skipti vorið 2016.

## Græn skref
Isavia er þátttakandi í verkefninu um Græn skref, sem Umhverfisráðuneytið stendur fyrir og snýst um að efla vistvænan rekstur fyrirtækja með kerfisbundnum hætti. Sett var upp keppni milli starfsstöðva um hver væri fyrst til að uppfylla hvert af þeim fjórum Grænu skrefum sem Isavia ætlar að taka þátt í. Fyrstu starfsstöðvar hafa nú lokið við að uppfylla fyrsta skrefið og búið er að úthluta fyrsta umhverfisbikarnum.

## Grænás stuðlar að endurnýtingu
Nú þegar miklar framkvæmdir eiga sér stað og liggja fyrir er mikilvægt að vera vakandi yfir möguleikum á endurnýtingu efnis. Á lager Keflavíkurflugvallar við Grænás er tekið við húsbúnaði og nýtilegu byggingarefni sem verður til við breytingar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og öðrum byggingum sem tilheyra flugvellinum. Búnaður er endurnýttur ef þarf varahluti eða sendur á aðra staði á landinu.

## Flugleiðsögusvið stuðlar að minnkandi útblæstri

Isavia er fyrsti flugleiðsöguaðilinn í Evrópu til að taka upp ADS-B aðskilnað í alþjóðlegu loftrými. Með betri tækni og minni aðskilnaði er hægt að bæta mjög sveigjanleika við val á flugleiðum á milli Evrópu og Norður-Ameríku. ADS-B tæknin byggir á GPS gögnum og gefur nákvæmari og örari upplýsingar um staðsetningu flugvéla en ratsjá og nú er því hægt að minnka aðskilnað á umferðarmesta hluta íslenska flugstjórnarsvæðisins úr 50–120 sjómílum niður í 10 sjómílur. Breytingin minnkar eldsneytisnotkun verulega á flugstjórnarsvæðinu með tilheyrandi minni útblæstri og sparnaði fyrir flugfélög. Flugleiðsögusvið tók af þessu tilefni við IHS Jane´s verðlaunum í flokki þjónustu á World ATM flugleiðsöguráðstefnunni.

## Þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar

Í tengslum við vinnu við þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar var haft víðtækt samráð við hagsmunaaðila hjá nærliggjandi bæjarfélögum um tillögurnar. Haldnir voru yfir 50 fundir með yfir 400 aðilum á Reykjanesi og víðar.

*01. Starfsfólk Isavia á gróðursetningardegi á Ásbrú.*

*02. Frá afhendingu styrkja úr Samfélagssjóði Isvavia.*

*03. Stýrihópur umhverfismála Isavia.*

## Styrkir

Isavia leggur samfélagsmálefnum lið með styrkveitingum úr styrktarsjóði Isavia. Um er að ræða þrenns konar styrkveitingar og sjóði: Styrktarsjóður Isavia, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Almannavarna, styrkir til rannsókna á háskólastigi og Samfélagssjóður Isavia.

**Samfélagssjóðurinn** veitti fjölda styrkja á árinu til margvíslegra málefna. Við úthlutun er lögð áhersla á umhverfismál, mannúðarmál, forvarnir, flugtengd málefni, listir, menningu og menntamál. Málefnin sem fengu brautargengi á árinu 2015 voru meðal annars styrkir til Hjálparstarfs kirkjunnar, Mæðrastyrksnefndar og Styrktarfélags barna með einhverfu. Hollvinasamtök heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði voru styrkt til kaupa á sónartæki til notkunar á Heilbrigðisstofnun Austurlands á Seyðisfirði og Samtökin '78 hlutu styrk til að efla faglegt starf með ungu fólki svo eitthvað sé nefnt.


02.


03.

**Styrktarsjóður Isavia hjá Landsbjörgu** styrkti 25 björgunarsveitir um allt land á árinu 2015 um samtals níu milljónir króna. Sjóðurinn hefur verið starfræktur frá árinu 2012 og hefur í fjögur skipti úthlutað til björgunarsveita nærri 40 milljónum króna. Markmið sjóðsins er að efla hópslysaviðbúnað á landinu öllu. Samstarf Isavia og björgunarsveita hefur verið farsælt um árabil en sveitirnar eru hryggjarstykkið í almannavarnarviðbúnaði á landinu, viðbúnaði sem er Isavia, sem rekstaraðila flugvalla um allt land, afar mikilvægur.

**Styrktarsjóðir Isavia hjá HÍ og HR** veita styrki til nemenda á meistara- og doktorsstigi sem vinna að lokaverkefnum tengdum flugi eða ferðaþjónustu. Háskólarnir annast úthlutun úr sjóðunum.

## Jafnlaunavottun PwC 2015

Isavia hlaut á árinu gullmerki jafnlaunaúttektar PwC. Vottunin staðfestir að launajafnrétti er hjá Isavia og munur milli kynja innan við 3,5%. Niðurstaðan er í takt við jafnréttisáætlun félagsins sem hefur það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsmanna til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað. Isavia hefur lagt mikla áherslu á jöfn laun kvenna og karla og það að fá gullvottun í fyrstu tilraun sýnir að sú áhersla hefur skilað árangri. Jafnlaunaúttekt PwC greinir kynbundinn launamun innan fyrirtækja þegar tekið hefur verið tillit til annarra þátta sem hafa áhrif á laun, s.s. menntunar, starfsaldurs, starfaflokks og vinnustunda. Þannig veitir hún upplýsingar um raunverulegan launamun kynjanna hjá fyrirtækinu.

## Startup Tourism

Isavia er einn af bakhjörlum verkefnisins „Startup Tourism" sem er vettvangur fyrir sprotafyrirtæki í ferðaþjónustu til að láta viðskiptahugmyndir sínar verða að veruleika. Allt að tíu fyrirtæki voru valin til þátttöku í svokölluðum viðskiptahraðli sem hófst 1. febrúar 2016. Í tíu vikur fá forsvarsmenn fyrirtækjanna þjálfun, fræðslu, ráðgjöf og leiðsögn frá hinum ýmsu sérfræðingum, fjárfestum og reyndum frumkvöðlum við að þróa viðskiptahugmyndir sínar áfram.




6000
TF-JMM

# Stjórnarháttayfirlýsing **2016**

*Stjórnarháttayfirlýsing er uppgjör stjórnar fyrir liðið starfsár og er birt í ársskýrslu félagsins. Eftirfarandi stjórnarháttayfirlýsing á við um starfsemi ársins 2015 og er birt samhliða ársreikningi fyrir það ár.*

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti er félagið að gangast undir að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, með það m.a. að markmiði að styrkja innviði Isavia og auka gagnsæi.

Stjórnarháttayfirlýsing Isavia er aðgengileg á heimasíðu félagsins, www.isavia.is.

## Lög og reglur

Isavia er opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Um starfsemi félagsins gilda lög nr. 153/2009 um samruna opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar, lög nr. 76/2008 um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar, lög nr. 102/2006 um stofnun hlutafélags um flugleiðsöguþjónustu og flugvallarrekstur Flugmálastjórnar og lög um loftferðir nr. 60/1998.

Stjórnarhættir félagsins taka mið af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins og starfsreglum.

Stjórn félagsins hefur í störfum sínum Leiðbeiningar um stjórnarhætti til hliðsjónar og uppfyllir þær í öllum meginatriðum þrátt fyrir að félaginu beri ekki að fylgja leiðbeiningunum lögum samkvæmt. Ekki eru starfandi endurskoðunar-, tilnefningar- eða starfskjaranefnd. Ekki er sérstök stefna um samfélagslega ábyrgð. Engin viðeigandi eftirlits og/eða úrskurðaraðili hefur talið félagið hafa brotið í bága við lög eða reglur.

Lög um félagið má nálgast á vef Alþingis, www.althingi.is, og samþykktir og starfsreglur á heimasíðu félagsins, www.isavia.is. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, www.vi.is.

## Stjórn Isavia

Í stjórn Isavia sitja fimm aðalmenn og fimm varamenn, kjörnir á hluthafafundi til eins árs í senn. Stjórnarmenn eru tilnefndir til stjórnarsetu af fjármála- og efnahagsráðherra. Kynjahlutfall í stjórn Isavia er 40% konur og 60% karlar. Allir stjórnarmenn teljast vera óháðir í skilningi Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

## Störf og starfsreglur stjórnar

Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem helstu verkefni og valdsvið stjórnar og forstjóra eru skilgreind. Gildandi starfsreglur voru samþykktar á stjórnarfundi þann 9. febrúar 2015. Þar er m.a. að finna skiptingu starfa innan stjórnar, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, um fundarsköp og fundargerðir, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar.

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda samkvæmt lögum og samþykktum félagsins. Meginhlutverk stjórnar er að stýra félaginu milli hluthafafunda og tryggja að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins auk þess að staðfesta rekstrar- og fjárfestingaáætlanir og sjá til þess að þeim sé fylgt. Stjórn tekur meiriháttar ákvarðanir í rekstri félagsins og sér um að félagið sé rekið í samræmi við lög og reglur sem félaginu ber að fylgja. Þá hefur starf stjórnar það að markmiði að stuðla að viðgangi félagsins og tryggja árangur þess til langs tíma litið með því að setja félaginu stefnu í samstarfi við stjórnendur þess.

Á árinu 2015 voru haldnir 20 stjórnarfundir. Allir fundir stjórnarinnar voru ákvörðunarbærir og allir stjórnarmenn voru mættir á flesta fundi. Starfsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár liggur fyrir að aðalfundi



*Stjórn Isavia. Frá vinstri: Ragnar Óskarsson, Matthías Páll Imsland, Sigrún Traustadóttir, Ingimundur Sigurpálsson, Theodóra Þorsteinsdóttir og Björn Óli Hauksson.*

loknum og skoðast hún sem fundarboð. Ítrekunarfundarboð er sent með tölvupósti. Stjórnarformaður stýrir fundum. Að jafnaði eru fundargerðir undirritaðar af stjórn, forstjóra, og fundarritara. Auk stjórnarmanna situr forstjóri aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri fjármálasviðs stjórnarfundi ásamt fundarritara úr hópi starfsmanna félagsins.

Formlegar undirnefndir eru ekki starfandi undir stjórn félagsins.

## Árangursmat stjórnar

Stjórn metur störf sín með reglubundnum hætti, verklag og starfshætti, framgang félagsins, frammistöðu forstjóra svo og skilvirkni undirnefnda, séu þær starfandi. Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara. Síðasta árangursmat fór fram í desember 2015.

## Skipan stjórnar Isavia 2015–16

Ingimundur Sigurpálsson, fæddur 1951, stjórnarformaður frá 2014, viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, stundaði framhaldsnám í hagrænni áætlanagerð og þróunarhagfræði við George Washington University í Washington D.C. og DBE frá Columbia Business School, New York, USA. Ingimundur hefur verið forstjóri Íslandspósts frá árinu 2004. Hann hefur áratugareynslu úr atvinnulífinu, bæði í opinbera og einkageiranum. Ingimundur gegnir og hefur gegnt fjölmörgum félags-, trúnaðar- og stjórnunarstörfum. Ingimundur var kosinn í stjórn Isavia á aðalfundi 2014. Ingimundur situr í stjórn ISNIC hf., Símans hf. og Samskipta ehf. Hann á hlut í Fjárfestingarfélaginu Molanum ehf. sem á hlut í ISNIC.

Matthías Páll Imsland, fæddur 1974, varaformaður frá 2014, stjórnmálafræðingur með MS-próf frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð. Þá hefur hann stundað nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og stjórnunarnám við North Park University í Chicago í Bandaríkjunum. Matthías er aðstoðarmaður forsætisráðherra frá ársbyrjun 2016. Áður var hann aðstoðarmaður félags- og húsnæðismálaráðherra 2013–15 og ráðgjafi fyrir fyrirtæki í Suður-Ameríku og Skandinavíu. Matthías var um tíma framkvæmdastjóri rekstrarsviðs flugfélagsins WOW air og fyrir stofnun þess var hann forstjóri Iceland Express. Matthías var kosinn í stjórn Isavia á aðalfundi 2014. Matthías er varaformaður Fríhafnarinnar ehf. Hann situr ekki í stjórn neins annars rekstrarfélags og á ekki hluti í neinum.

Theodóra Þorsteinsdóttir, fædd 1969, stjórnarmaður frá 2015, lögfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. Theodóra er bæjarfulltrúi og oddviti Bjartrar framtíðar í Kópavogi frá 2014, og formaður bæjarráðs frá 2014. Hún var markaðsstjóri Smáralindar 2005–2010. Theodóra var kosin í stjórn Isavia á aðalfundi 2015. Theodóra situr ekki í stjórn neins annars rekstrarfélags og á ekki hluti í neinum.

Ragnar Óskarsson, fæddur 1948, varaformaður stjórnar Isavia 2010–14, stjórnarmaður frá 2014. BA-próf í sagnfræði, íslensku og heimspeki frá Háskóla Íslands. Framhaldsnám í Danmörku. Kennari við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum. Bæjarfulltrúi í Vest-

mannaeyjum 1978–2002 fyrir Alþýðubandalagið og Vestmannaeyjalistann. Hefur setið á Alþingi sem varaþingmaður Alþýðubandalagsins fyrir Suðurlandskjördæmi. Ragnar var kosinn í stjórn Isavia á stofnfundi félagsins 2010. Ragnar situr ekki í stjórn neins annars rekstrarfélags.

Sigrún Traustadóttir, fædd 1962, stjórnarmaður frá 2014, viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1989 og lauk MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík 2013. Frá hausti 2010 hefur Sigrún starfað sjálfstætt, m.a. við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja samhliða MBA námi sínu. Sigrún var framkvæmdastjóri fjármála- og stjórnunarsviðs Flugstoða/Isavia ohf., áður Flugmálastjórnar Íslands 1995–2010. Sigrún sat í stjórn Flugfjarskipta frá stofnun, 2004–2009. Sigrún var kosin í stjórn Isavia á aðalfundi 2014. Sigrún er stjórnarformaður ISOR (Íslenskra orkurannsókna), stjórnarmaður í Frumherja ehf. og stjórnarformaður Vörubretta ehf. Hún á hlut í Vörubrettum ehf.

## Varastjórn Isavia

Friðbjörg Matthíasdóttir, fædd 1969, viðskiptafræðingur, bæjarfulltrúi í Vesturbyggð. Varamaður frá 2014.

Jens Garðar Helgason, fæddur 1976, framkvæmdastjóri, bæjarfulltrúi í Fjarðarbyggð. Varamaður frá 2014.

Jón Norðfjörð, fæddur 1947, forstjóri Kölku, sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja. Var aðalmaður í stjórn Isavia 2010–14. Varamaður frá 2014.

Sigurbjörn Trausti Vilhjálmsson, fæddur 1943, rafvirki, varamaður frá 2010.

Tryggvi Haraldsson, fæddur 1981, stjórnmála- og Evrópufræðingur, verkefnisstjóri hjá Vinnumálastofnun. Varamaður frá 2014.

## Forstjóri Isavia

Forstjóri hefur með höndum yfirframkvæmdastjórn allrar daglegrar starfsemi skv. stefnu og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur nær ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Hann hefur ákvörðunarvald um öll rekstrar- og fjárhagsleg málefni félagsins og hefur umsjón með eignum þess. Forstjóri gerir stjórn grein fyrir starfsemi félagsins og afkomu á stjórnarfundum og ber ábyrgð gagnvart stjórn á hinum daglega rekstri og að í öllu sé farið eftir samþykktum félagsins, lögum og reglum.

Björn Óli Hauksson, fæddur 1961, hefur verið forstjóri Isavia frá upphafi rekstrar 2010. Hann er með meistaragráðu í rekstarverkfræði frá Álaborgarháskóla í Danmörku.

Björn Óli starfaði sem forstjóri Keflavíkurflugvallar ohf. 2008–10 og leiddi umfangsmikla sameiningu Flugmálastjórnar Keflavíkurflugvallar, Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og flugöryggisvarðadeildar lögreglustjórans á Suðurnesjum. Áður vann hann í sex ár að uppbyggingu flugmála í Kósóvó, m.a. sem forstjóri Pristinaflugvallar og sem verkefnisstjóri þar á vegum Flugmálastjórnar Íslands og Flugstoða ohf. Hann setti m.a. á laggirnar flugmálastjórn Sameinuðu þjóðanna í Kósóvó (CARO - UNMIK Civil Aviation Regulatory Office) og átti þátt í að sameina og byggja upp fyrirtæki um flugvallar- og flugstöðvarrekstur í Pristina.

## Ársreikningar félagsins

Reikningsár Isavia er almanaksárið. Ársreikninga félagsins er hægt að nálgast hjá Ársreikningaskrá sem og á heimasíðu félagsins, www.isavia.is.

## Innra eftirlit og áhættustýring

Stjórn hefur sett fram heildstæða áhættustefnu félagsins og skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri. Helstu áhættur sem fylgja fjármálagerningum samstæðunnar eru gengisáhætta, vaxtaáhætta og verðtryggingaráhætta. Sérstök áhættunefnd er starfandi og hefur hún umboð stjórnar til að ákvarða m.a. umfang og eðli mats á áhættu og arðsemisgreininga fyrir framkvæmdir og verkefni sem haft geta marktæk áhrif á rekstur og efnahag. Áhættunefnd er með reglubundna skýrslugjöf um áhættur félagsins til stjórnar. Félagið hefur ekki starfandi innri endurskoðanda, en endurskoðendur félagsins vinna afmarkaðar úttektir á ferlum félagsins.

## Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Einn hluthafi, íslenska ríkið, á alla hluti félagsins og fer fjármála- og efnahagsráðherra með hluthafavaldið. Boðun á hluthafafund er send til tengiliðs í fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Hluthafafundir eru meginvettvangur fyrir upplýsingagjöf til hluthafa sem fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Önnur samskipti við hluthafa um málefni félagsins eru oftast að frumkvæði félagsins og hafa stjórnarformaður og forstjóri átt fundi með ráðherra eða fulltrúa hans. Stjórnin fylgir Almennri eigandastefnu ríkisins: Hlutafélög og sameignarfélög í störfum sínum. Félagið sendir út fréttatilkynningar sem upplýsa um afkomu félagsins og um önnur atriði í rekstrinum.

## Gildi, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð

### Gildi

Öryggi

Með öguðum vinnubrögðum, stöðugri þekkingaröflun og markvissu eftirliti lágmörkum við áhættu og stuðlum að öryggi almennings, viðskiptavina og starfsmanna.

Samvinna

Við vinnum saman að settu marki sem eitt lið til að ná árangri og veita góða þjónustu. Við berum virðingu fyrir störfum hvers annars og hvetjum til frumkvæðis varðandi umbætur.

Þjónusta

Við setjum okkur skýr þjónustuviðmið og tileinkum okkur jákvætt viðmót og virðingu gagnvart viðskiptavinum. Sýnum ráðdeild og leitum stöðugt leiða til að hámarka árangur.

Félagið hefur sett sér siðareglur sem var síðast breytt í maí 2011. Ná þær til allra þátta í starfsemi félagsins. Siðareglurnar taka m.a. á viðskiptaháttum varðandi samskipti starfsmanna við viðskiptavini félagsins, s.s. varðandi boð á viðburði, gjafir og þess háttar.

Félagið hefur ekki sett sér stefnu um samfélagslega ábyrgð, en slík stefna er í vinnslu. Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu sem tekur á samfélagslegri ábyrgð er varðar þann þátt. Isavia fylgir ramma Grænna skrefa til innleiðingar á umhverfisstefnu Isavia á skrifstofum.

*Stjórnarháttayfirlýsingin samþykkt á stjórnarfundi Isavia ohf. þann 3. mars 2016.*





# Ársreikningur Isavia

*Áritun óháðra endurskoðenda*

## Til stjórnar og hluthafa Isavia ohf.

Við höfum, í umboði Ríkisendurskoðunar, endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Isavia ohf. fyrir árið 2015. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2015, efnahag hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

*Reykjavík,*
*22. mars 2016*

Deloitte ehf.

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir,
endurskoðandi

Guðmundur Kjartansson,
endurskoðandi

*Skýrsla stjórnar*

Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkurflugvelli. Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Eitt af hlutverkum Isavia ohf. er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir.

Samstæðuársreikningurinn fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu félagsins námu rekstrartekjur samstæðunnar á árinu 2015 um 26.013 milljónum króna. Hagnaður ársins nam um 3.073 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi í lok árs 2015 nema heildareignir samstæðunnar um 45.187 milljónum króna, bókfært eigið fé um 20.134 milljónum króna og er eiginfjárhlutfall félagsins 44,56%. Fjöldi ársverka var 1.017 á árinu 2015.

Í lok ársins var einn hluthafi í félaginu sem er Ríkissjóður. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2016 vegna rekstrarársins 2015 en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. staðfesta samkvæmt þeirra bestu vitund að samstæðuársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins, eignum, skuldum og breytingu á handbæru fé á árinu. Ennfremur er það álit stjórnar og forstjóra Isavia ohf. að reikningsskilareglur félagsins séu viðeigandi og að í samstæðuársreikningi þessum sé að finna gott yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, áhættustýringu og helstu óvissuþætti í umhverfi félagsins.

Stjórn og forstjóri Isavia ohf. hafa í dag yfirfarið og samþykkt samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

*Reykjavík, 22. mars 2016*

*Í stjórn*

Ingimundur Sigurpálsson,
stjórnarformaður

Matthías Páll Imsland

Sigrún Traustadóttir

Theódóra Þorsteinsdóttir

Ragnar Óskarsson

*Forstjóri*

Björn Óli Hauksson

# Yfirlit um heildarafkomu
## ársins 2015



| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 4 | 26.012.925 | 22.079.436 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | (4.715.871) | (4.259.114) |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 5 | (11.041.154) | (9.434.734) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (644.282) | (553.267) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (3.603.126) | (2.925.815) |
| Afskriftir | 8,9 | (2.009.451) | (1.578.116) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 3.999.041 | 3.328.389 |
| Fjármunatekjur | 6 | 219.154 | 210.658 |
| Fjármagnsgjöld | 6 | (679.206) | (650.947) |
| Gengismunur | 6 | 279.282 | (164.220) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 3.818.271 | 2.723.881 |
| Tekjuskattur | 7 | (745.178) | (526.647) |
| **Heildarafkoma ársins** | | 3.073.094 | 2.197.234 |

# Efnahagsreikningur
# 31. desember 2015

## Eignir

| | Skýr. | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 8 | 31.425.312 | 25.714.623 |
| Óefnislegar eignir | 9 | 5.543.746 | 5.687.816 |
| Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur | 11 | 255.174 | 298.393 |
| | | 37.224.232 | 31.700.833 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 12 | 453.843 | 423.017 |
| Viðskiptakröfur | 13 | 1.633.010 | 1.667.237 |
| Næsta árs hluti langtímakrafna | 11 | 48.900 | 53.377 |
| Aðrar skammtímakröfur | 13 | 833.516 | 656.923 |
| Bundið innlán | | 0 | 1.856.400 |
| Handbært fé | 13 | 4.993.722 | 4.490.788 |
| | | 7.962.990 | 9.147.742 |
| **Eignir** | | 45.187.222 | 40.848.575 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2015 | 31.12.2014 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 14 | 5.589.063 | 5.589.063 |
| Lögbundinn varasjóður | | 2.483.798 | 2.483.798 |
| Sérstakur endurmatsreikningur | | 47.655 | 48.979 |
| Óráðstafað eigið fé | | 12.013.517 | 8.939.100 |
| Eigið fé | | 20.134.034 | 17.060.940 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 15 | 17.547.474 | 17.899.553 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 16 | 1.359.680 | 1.095.231 |
| | | 18.907.154 | 18.994.784 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 17 | 2.790.519 | 1.765.196 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 17 | 1.017.218 | 1.064.127 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 7 | 480.729 | 331.767 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 17 | 1.857.569 | 1.631.762 |
| | | 6.146.034 | 4.792.851 |
| Skuldir | | 25.053.188 | 23.787.635 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 45.187.222 | 40.848.575 |

# Yfirlit um eigið fé 2015



| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Endurmats-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2014 ................ | 5.589.063 | 2.483.798 | 49.829 | 6.741.016 | 14.863.706 |
| Endurmat afskrifað .................... | 0 | 0 | (850) | 850 | (0) |
| Heildarafkoma ársins .................. | 0 | 0 | 0 | 2.197.234 | 2.197.234 |
| Eigið fé 31. desember 2014 ......... | 5.589.063 | 2.483.798 | 48.979 | 8.939.100 | 17.060.940 |
| | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2015 ................ | 5.589.063 | 2.483.798 | 48.979 | 8.939.100 | 17.060.940 |
| Endurmat afskrifað .................... | 0 | 0 | (1.324) | 1.324 | 0 |
| Heildarafkoma ársins .................. | 0 | 0 | 0 | 3.073.094 | 3.073.094 |
| Eigið fé 31. desember 2015 ......... | 5.589.063 | 2.483.798 | 47.655 | 12.013.517 | 20.134.034 |

Engin arðgreiðsla var á árinu til hluthafa. Allt hlutafé er innborgað.

# Yfirlit um sjóðstreymi 2015



| | Skýr. | 2015 | 2014 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 3.999.041 | 3.328.389 |
| Afskriftir | 8,9 | 2.009.451 | 1.578.116 |
| Gjaldfærð langtímakrafa | 11 | 4.672 | 10.872 |
| (Hagnaður)/ tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna | | (5.249) | 1.195 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 6.007.916 | 4.918.572 |
| Vörubirgðir, lækkun | 12 | (30.826) | 28.414 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) | | (143.110) | (291.049) |
| Rekstrartengdar skuldir, hækkun | | 1.265.270 | 390.721 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 7.099.250 | 5.046.657 |
| Innborgaðir vextir | | 224.380 | 230.291 |
| Greiddir vextir | | (666.294) | (634.252) |
| Greiddir skattar | | (331.767) | (15.124) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 6.325.569 | 4.627.573 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 8 | (7.438.974) | (3.843.560) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | 9 | (131.848) | (102.223) |
| Afborganir skuldabréfa | 11 | 48.654 | 48.654 |
| Bundið innlán | | 1.774.920 | (1.856.400) |
| | | (5.747.248) | (5.753.529) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | 15 | (1.065.602) | (13.887.789) |
| Ný lán | 15 | 1.133.680 | 16.745.910 |
| Afborganir fjármögnunarleigusamninga | | (718) | (1.612) |
| | | 67.360 | 2.856.510 |
| Hækkun (lækkun), handbærs fjár | | 645.681 | 1.730.554 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 4.490.788 | 2.730.031 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | | (142.748) | 30.204 |
| Handbært fé í lok árs | | 4.993.722 | 4.490.788 |

## 1. Starfsemi

Isavia ohf. var stofnað í ársbyrjun 2010 með samruna Flugstoða ohf. og Keflavíkurflugvallar ohf. Isavia ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og er heimili og varnarþing félagsins á Reykjavíkurflugvelli.

Isavia ohf. annast rekstur og uppbyggingu allra flugvalla á Íslandi og stýrir jafnframt flugumferð í íslenska flugstjórnarsvæðinu. Eitt af hlutverkum Isavia ohf. er að tryggja að flugöryggi sé í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar öryggiskröfur og aðferðir.

Samstæðuársreikningurinn nær til Isavia ohf. og dótturfélaga þess. Félög innan samstæðunnar eru auk Isavia ohf., Fríhöfnin ehf., Tern Systems ehf. og Domavia ehf.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok árs 2015, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana sem ekki hafa tekið gildi muni ekki hafa veruleg áhrif á ársreikninginn.

**Grundvöllur reikningsskilanna**
Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs nema að ákveðnir fastafjármunir eru metnir eftir endurmatsaðferðinni. Fjallað er um mat á gangvirði fjáreigna og fjárskulda í skýringu hér að neðan. Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra, í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu. Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

### Áhættustjórnun

Almenn stefna félagsins er að stýra gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Verksamningar

Þegar unnt er að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur og gjöld færð miðað við hlutfall áfallins kostnaðar samkvæmt ákvæðum samningsins á reikningsskiladegi. Breytingar á verkþáttum samkvæmt verksamningi, kröfur um bætur og bónusgreiðslur eru færðar að því marki sem unnt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti og líklegt er að til þeirra komi.

Þegar ekki er unnt að meta stöðu verksamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur færðar í hlutfalli við áfallinn kostnað sem líklegt er að verði endurheimtur. Kostnaður vegna verksamnings er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Þegar líkur eru á tapi af verksamningi er vænt tap fært strax til gjalda.

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

### Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.

Allur annar fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

### Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Við samruna Flugfjarskipta ehf. og Isavia ohf. voru fasteignir fyrrnefnda félagsins endurmetnar þar sem markaðsverð fasteigna þess félags var talið verulega hærra en bókfært verð. Hið endurmetna verð byggir á áætluðu söluverði sem staðfest var af matsmönnum. Matsbreytingin er færð á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár og á tekjuskattsskuldbindingu.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er hugbúnaður. Eignir þessar eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar. Áætlaður nýtingatími og afskriftaaðferðir eru endurmetnar í lok hvers

Rannsóknarkostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Þróunarkostnaður er aðeins eignfærður ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- Félagið hefur tæknilega getu til að ljúka þróun afurðar i söluhæft ástand
- Áætlanir ganga út á að ljúka við þróunina
- Félagið sýni fram á möguleika sína til að selja afurðina
- Félagið sýnir fram á hvernig afurðin kemur til með að skila framtíðartekjum
- Félagið hefur nægjanlega tækni og fjármagn til að ljúka við þróun og sölu
- Hægt er að mæla útgjöld vegna þróunar með áreiðanlegum hætti

Aðeins er heimilt að hefja eignfærslu þróunarkostnaðar þegar öll ofangreind skilyrði eru uppfyllt. Þróunarkostnaður sem ekki uppfyllir skilyrðin er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til. Eftir upphaflega skráningu er þróunarkostnaður metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupdegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

### Virðisrýrnun

Á hverjum reikningsskiladegi er bókfært verð eigna metið með tilliti til virðisrýrnunar. Komi fram vísbending um virðisrýrnun er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið í því skyni að hægt sé að ákvarða hversu víðtæk virðisrýrnun er sé um slíkt að ræða.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaprósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna þá metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar sjóðskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Sé endurheimtanlegt virði eignar eða fjárskapandi einingar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tengdri viðskiptavild, en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna einingarinnar. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning.

Ef áður færð virðisrýrnun á ekki lengur við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, þó ekki umfram upphaflegt kostnaðarverð. Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki heimilt að bakfæra.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### Fjáreignir

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (Fair value through profit and loss), fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga (Held to maturity investments), fjáreignir til sölu (Available for sale) og lán og kröfur. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar.

*Virkir vextir*

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

*Fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga*

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjáreignir sem ætlað er að eiga til gjalddaga þegar félagið á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

*Lán og kröfur*

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

*Virðisrýrnun fjáreigna*

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikning, þó aldrei umfram áður færða lækkun.

*Afskráning fjáreigna*

Félagið afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjárskuldir og eiginfjárgerningar

*Fjárskuldir*

Fjárskuldir eru flokkaðar annars vegar sem fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hinsvegar sem aðrar fjárskuldir.

*Fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Fjárskuldir eru færðar á gangvirði í rekstrarreikning þegar þær eru flokkaðar sem fjárskuld til sölu eða sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárskuld, önnur en fjárskuld til sölu, má skilgreina sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjárskuldin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við stefnu félagsins í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

*Aðrar fjárskuldir*

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

*Afskráning fjárskulda*

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

## 3. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunveruleg verðmæti kunna að vera með öðrum hætti en mat stjórnenda. Reikningshaldslegt mat er helst í mati á líftíma eigna og í niðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða, sjá skýringar nr. 8, 9, 12 og 13.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Rekstrartekjur

| Rekstrartekjur greinast þannig: | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Tekjur vegna sölu á vörum | 9.578.762 | 8.593.667 |
| Tekjur vegna sölu á þjónustu | 14.098.774 | 11.693.174 |
| Eignatekjur | 2.335.389 | 1.792.596 |
| | 26.012.925 | 22.079.436 |

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Laun | 8.504.670 | 7.270.398 |
| Lífeyrissjóður, mótframlag | 996.118 | 846.128 |
| Tryggingagjald | 704.344 | 612.247 |
| Önnur launatengd gjöld | 117.439 | 115.030 |
| Viðbótarframlag í lífeyrissjóð og breyting á orlofsskuldbindingu | 324.047 | 267.461 |
| Eignfærður launakostnaður | (72.078) | (29.717) |
| Verktakagreiðslur | 12.690 | 8.382 |
| Annar starfsmannakostnaður | 453.923 | 344.804 |
| | 11.041.154 | 9.434.734 |
| Meðalfjöldi starfa | 1.017 | 914 |

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður (framhald)

Heildarlaun og þóknanir til stjórna og stjórnenda samstæðunnar á árinu 2015 námu 72,4 milljónum króna en árið á undan námu þessi laun 77,9 milljónum króna. Laun forstjóra Isavia og framkvæmdastjóra Fríhafnarinnar ehf. og Tern Systems ehf. eru ákveðin af kjararáði.

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

**Fjármunatekjur:**

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 100.753 | 81.533 |
| Vaxtatekjur af fjáreignum sem ætlað er að halda til gjalddaga | 28.465 | 29.124 |
| Aðrar vaxtatekjur | 89.935 | 100.002 |
| | 219.154 | 210.658 |

**Fjármagnsgjöld:**

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld og verðbætur | (604.205) | (572.724) |
| Þóknanir innheimtufyrirtækja | (72.167) | (75.988) |
| Dráttarvaxtagjöld | (2.835) | (2.235) |
| | (679.206) | (650.947) |

**Gengismunur:**

| | 2015 | 2014 |
|---|---|---|
| Gengismunur | 279.282 | (164.220) |
| | 279.282 | (164.220) |

## 7. Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 745,2 milljónum króna. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2016 nemur 480,7 milljón króna.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | 2015 | | 2014 | |
|---|---|---|---|---|
| | Fjárhæð | % | Fjárhæð | % |
| Hagnaður fyrir skatta | 3.818.271 | | 2.723.881 | |
| Skatthlutfall | 764.573 | 20,0% | 545.698 | 20,0% |
